



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Ísafirði, 11. ágúst 2026
2026010014 GÓ

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um hvítbók um byggðamál

Vísað er til [hvítbókar um byggðamál](#) sem sett var í samráðsgátt fyrr í sumar. Ísafjarðarbær telur að margt í hvítbókinni sé skynsamlegt og vel ígrundað, en vill benda á nokkur atriði.

Opinber störf, dreifing þeirra og meðallaun

Ekki er langt síðan landsbyggðarsveitarfélög töluðu um störf án staðsetningar sem lausn á flutningi starfa til höfuðborgarsvæðisins. Reynslan hefur sýnt, heilt á litið, að þau hafa frekar dregið störf til höfuðborgarsvæðisins, en einnig að talsverðu leyti út fyrir landssteinana. Til skamms tíma og í ýmsum aðstæðum er sveigjanleikinn verðmætur, en festan og langtímasýnin þarf að vera á að opinber störf séu föst á landsbyggðinni. Því er hér lagt til að aðgerð um óstaðbundin störf verði felld brott eða henni breytt með einstefnuloka, þannig að óstaðbundin störf fái frekar nafnið „landsbyggðarstörf“. Til fyllingar má hér benda á skýrslu RHA, „[Tvíeggjað sverð: Leki óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins](#)“.

Í lögum um sýslumann frá því fyrr í ár var því komið inn í lögina að ákveðið hlutfall starfa yrði á landsbyggðinni. Þetta var gott skref. Í þessu samhengi eru nokkur atriði sem ágætt er að nefna.

Í fyrsta lagi var hlutfallið tölulegt og skýrt. Þetta auðveldar stórlega eftirfylgni með starfsháttum framkvæmdavaldsins.

Í öðru lagi var gott að löggjafinn kinokaði sér ekki við að taka pólitíska afstöðu í þessu máli, í stað þess sjónarmiðs—sem er hvorki nýtt né óskynsamlegt heldur—að fela forstöðumanni að haga starfi stofnunarinnar eftir því sem hentar best. Forstöðumaður stofnunar hefur nefnilega jafnan þrengri sjónarmið að líta til heldur en löggjafinn, í þessu tilviki að afgreiða mál rétt og haga rekstri innan fjárheimilda, á meðan löggjafinn vill líta til víðari markmiðssetningar eins og byggðasjónarmiða.

Ísafjarðarbær [hefur bent á í samhengi](#) við lagareldisfrumvarpið sem ekki hlaut afgreiðslu í vor (og þá í tengslum við ákvæði um Hafrannsóknarstofnun), að staðsetning starfa sé þáttur sem



löggjafinn ætti að líta til. Og ef löggjafinn þorir ekki að setja tölulegt hlutfall mætti setja kröfu á stofnanir að halda utan um og birta í ársskýrslum sínum staðsetningu starfa eftir meginstarfsstöð og/eða lögheimili starfsmanna.

Byggðastofnun hefur vissulega haldið utan um þessa stöðu eftir landshlutum á sérstöku [mælaborði](#), og eru nýjustu tölur frá 2024 (sjá einnig skýrslu Þorkels Stefánssonar, „[Hvar eru ríkisstörfin?](#)“). Þar sést að höfuðborgarsvæðið er sá landshluti sem er með hæsta hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda. Eðlilegt er að hnykkt verði á hlutverki Byggðastofnunar í þessu tilliti með skýrari hætti í **aðgerð C12**.

Í þessu samhengi er einnig vert að benda á að skýrslur Byggðastofnunar taka einungis til fjölda stöðugilda en ekki annarra eiginleika þeirra. Er hér sérstaklega verðmætt að skoða heildarlaun. Þó þessu sé misjafnlega farið milli starfsgreina, er hætta á að ef yfirstjórn sameinaðra stofnana er á höfuðborgarsvæðinu verði meðallaun hærri þar en á landsbyggðinni. Þá eru (ef læknar eru undanskildir) öll hæst launuðu embætti ríkisins í Reykjavík. Eðlilegt er að hefja gagnasöfnun á þessum þætti dreifingar starfa.

Ríkið þarf að sýna verulega skýrari pólitíska sýn í þessu tilliti eigi sameiningar á ríkisstofnunum að ná markmiðum sínum og fyrirheitum um eflingu þjónustu á landsbyggðinni.

Skattar og byggðir

Í framhaldi af þessu er fróðlegt að skoða hvernig hvítbókin fjallar um skatta. Í **aðgerð B7 byggðatengdar ívilnanir** er fjallað um að Byggðastofnun verði falið að skoða hvernig Norðmenn hafa beitt efnahagslegum hvötum og ívilnunum í skatta- og samgöngumálum.

Þetta er óþarfi, því þetta hefur verið skoðað. Þannig hefur Alþingi samþykkt í lögum [60/2020](#) um Menntasjóð námsmanna heimildir til ívilnana í tengslum við endurgreiðslur námslána. Við samþykkt laganna og í kjölfarið hefur ítarlega verið rannsakað fyrirkomulag í Noregi. Í þingskjöllum [630](#) og [1132](#) frá 157. löggjafarþingi koma fram svör ráðherra þess efnis að enginn hafi enn notið ívilnananna. Svo virðist sem ráðuneyti og stofnanir hafi séð á lögunum og útfærslu þeirra ýmsa meinbugi og náð að flækja mál svo úr hófi að ekkert hefur gerst.

Viðbúið er að aðrar tilraunir hljóti sambærileg örlög; fyrst langdregin skýrsluskrif, svo margar tilraunir fyrir þingi og þá svo flókna útfærslu að ekkert verður af neinu. Í kjölfarið myndi svo OECD leggja til að kerfið yrði einfaldað—„dregið yrði úr skattstyrkjum“ eins og það er kallað—og málið er þá komið aftur á byrjunarreit.

Þetta er hér rakið til að benda á að mikilvægt er að hvítbók um byggðamál innihaldi umfjöllun um áhrif nýrrar eða breyttrar skattlagningar á landsbyggðina. Umræða um auðlindagjöld er þannig eðlileg, en staðreyndin er að auðlindum er misdreift um landið, sérstaklega í ljósi þess að *auðlind* getur verið teygjanlegt hugtak. Skoðum þetta aðeins nánar.



Þannig virðist eldi á laxi í sjó vera auðlindanotkun í skilningi skattalaga, en sambærilegt eldi á landi er það ekki, jafnvel þó landinu sé þar raskað með óafturkræfum hætti. Fallvötn eru auðlind sem ýmsir vilja skattleggja sem slíka, en ekki aðgengi að heitu vatni, þó það hafi veruleg áhrif á húshitunarkostnað og lífsskilyrði. Sumir ferðamannastaðir eru auðlindir (fossar til dæmis) sem talið er eðlilegt að skattleggja, en ekki Hallgrímskirkja eða Arnarhóll. Göng eiga að fá vegtolla, en nálægð við útflutningshöfn eða millilandaflugvöll er ekki auðlind, þó nálægðin búi til aðstöðumun í sjálfu sér.

Vissulega er það svo að jöfnunarsjóður sveitarfélaga á rót sína í því hlutverki að jafna til dæmis tekjuöflunarmöguleika sveitarfélaga vegna nálægðar eða fjarlægðar frá auðlindum höfuðborgarinnar. Og auðvitað er ekki skynsamlegt að taka úr sambandi verð sem stjórnþæki í gangverki kapítalísks hagkerfis.

Staðreyndin er samt sú að sú ákvörðun sem tekin var á nítjándu öld um að Reykjavík yrði aðsetur endurreists Alþingis bjó til auðlind. Þeirri auðlind fylgir í dag ekki sérstakur auðlindaskattur, heldur meðgjöf í formi enn fleiri og betur launaðra starfa með tilheyrandi afleiddum áhrifum.

Hinu smáa hampað en hið stóra hunsað

Landsbyggðirnar eru flóknar og innbyrðis ósambærilegar. Óhjákvæmilega er erfitt að skrifa byggðaáætlun sem bæði fangar áskoranir borgarsvæða og samfélaga með tugi íbúa. Ein afleiðing af þessu er að til verður millibilssvæði þar sem hin raunverulega byggðafesta leynist.

Þrjú atriði sýna þetta; verkefni **B12 um fluggáttir til Akureyrar og Egilsstaða**, **B13 um stórpörungarækt** og **B14 um dreifðari orkuvinnslu**. Þessi atriði eru ágæt hver fyrir sinn hatt og ekki er gerð tillaga um að fella þau brott.

Það sem *ekki* er sagt í því samhengi er hins vegar áberandi.

Tökum þetta í sömu röð. Fluggáttirnar, þ.e. niðurgreiðsla á millilandaflugi til Akureyrar og Egilsstaða, eru einu dæmin þar sem ferðapjónusta er nefnd á nafn, jafnvel þó ferðapjónusta sé bæði ein stærsta atvinnugreinin á landsbyggðinni og með mikil vaxtartækifæri. Mögulega eru rökkin þau að ferðapjónusta sé dekkuð af öðrum aðgerðaáætlunum og stefnum, [einkum væntanlega ferðamálastefnu til 2030](#)¹.

Í tilviki stórpörungaræktarinnar er það eina tilvikið í hvítbókinni þar sem *lagareldi* er nefnt, og sjókvíar eru ekki nefndar á nafn í skjalinu. Þó er það svo að sjókvíaeldi er langstærsti einstaki vaxtarbroddurinn í atvinnulífi á Vestfjörðum, og hefur mikil tækifæri fyrir aðra landshluta, bæði í sjókvíaeldi, landeldi eða blöndu af því tvennu. Óþarfi er að rekja sorgarsögu

¹ Ferðamálastefna er ekki hér til umfjöllunar. Það vekur þó athygli þegar hún er skoðuð, að á tveimur stöðum eru skemmtiferðaskip nefnd, annarsvegar til að tilkynna yfirvofandi skattheimtu og hinsvegar til að boða til óljóss samstarfs um móttöku skemmtiferðaskipa, en það samstarf hefur þó ekki hafist.



lagareldislaganna frá því í vor. Það væri hinsvegar mikilvægt táknrænt mál að í byggðaaætlun kæmi með skýrum hætti aðgerð að klára endurskoðun á laga- og regluverki lagareldis, til að undirstrika byggðavinkil atvinnugreinarinnar. Og það mætti jafnvel taka málið skrefinu lengra og byrja í byggðastefnu að velta upp framtíðinni í afleiddum greinum fiskeldis, svo sem fóðurframleiðslu.

Aðrar tegundir lagareldis, eins og hafeldi og kræklingarækt eru ekki nefnd. Þeirri síðarnefndu var að vísu slátrað með [þungu regluverki](#) nýverið. Fullt tilefni er til að endurskoða bæði það regluverk og setja metnað í að búa þeirri grein aðstæður sem leyfa henni að vaxa inn í heim þar sem hreinleiki við prótínframleiðslu er að hlutfallslegum styrkleika á heimsvísu. Þetta má til dæmis setja inn með vísun í **áherslu C7 skilvirkt regluverk og C11 fæðuöryggi og sjálfbær land- og auðlindanýting**.

Þriðja atriðið er dreifðari orkuvinnsla þar sem lagt er til að haldið verði áfram við uppbyggingu smávirkjana. Nærtækara er hins vegar að líta til millistórra og stórra virkjana, sem geta haft raunveruleg áhrif á styrk flutnings- og dreifikerfis raforku, en þar hafa virkjanir um og undir 1 MW lítið að segja.

Langdregin saga uppbyggingar Hvalárvirkjunar verður ekki rakin hér, nema til að benda á að hún er forsenda fyrir byggingu tengipunkts í Ísafjarðardjúpi sem er svo aftur forsenda fyrir byggingu fleiri virkjana þar um slóðir og er eina raunhæfa leiðin til að auka afhendingaröryggi og kerfisstyrk raforku á Vestfjörðum til millilangs og langs tíma. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur boðað lagabreytingar til að breyta útreikningum á fjárhæð tengigjalds, sem eru mjög ósanngjörn í núverandi kerfi. Hann hefur sagt að það verði á haustþingi. Í kjölfarið verður hægt að endurreikna gjaldið, vonandi snemma árs 2027. Hér er því tillaga að tveimur aðgerðum í byggðaaætlun: 1) sýna mórálaskan stuðning um að boðaðar breytingar á lögum verði kláraðar, og 2) tryggja fjármagn í nýja greiningu og útreikninga á tengigjaldi, sem hafist geti strax í haust svo ekki verði löng bið áður en hægt verður að taka næsta skref.

Ýmsum atriðum ofaukið en annað vantar

Ýmsar aðgerðir mættu falla brott í stefnunni af mismunandi ástæðum.

- **A12 Löggæsludrónar:** Spurt er: Eiga tækjakaup einstakra ríkisstofnana að vera hluti af byggðaaætlun? Eðlilegra er að ríkisstofnanir forgangsraði eða fái fjárheimildir sem duga til að fjárfesta í tækjum.
- **C8 Samstarf almannavarnarfulltrúa:** Af texta aðgerðarinnar að dæma er um að ræða árlegan vinnufund afmarkaðs hóps. Er tilefni til að það sé sérstök aðgerð í byggðaaætlun?

Í áherslukaflanum fremst eru 33 tölusett atriði sem hvert um sig eru víðtæk og mörg óljós. Hætt er við að svo margar áherslur missi marks, svo sem **C3 samspil dreifbýlis og þéttbýlis í byggðaðróun**.



Þeim er ætlað annaðhvort að eiga beinar skilgreindar aðgerðir eða settar fram til samhæfingar og stuðnings við aðrar opinberar stefnur. Tvær áherslur sérstaklega mættu gjarnan hafa hliðstætt verkefni, **A3 um trausta fjarskiptainnviði** og **A7 um vetrarþjónustu sem forsendu vinnu- og þjónustusóknar**.

Þá væri ágætt að byggðaaætlun tæki á þeirri innbyggðu togstreitu milli byggðastefnunnar annars vegar og sameiningu stofnana hins vegar sem hefur verið í gangi og er í undirbúningi. **A11 stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði** er ágætt verkefni, en tekur eingöngu til sameiningar sýslumannsembætta, ekki annarra sameininga eins og Stofnun atvinnuveganna, Náttúruverndarstofnun, breytingar á lögregluembættum og breytingar á menntaskólakerfinu. Þar eru á ferðinni svo miklar breytingar, og sem mætt hafa mikilli andstöðu, að auðsýnt er að þær þurfi umfjöllun í byggðaaætlun með einum eða öðrum hætti. Einungis þannig getur byggðaaætlun verið það samhæfingarskjal sem því er ætlað að vera.

C4 Efling fjölmiðlunar í héraði

Hér er um efnislega svipað atriði og er í gildandi byggðaaætlun. Það að hafa aðgerðina inni í byggðaaætlun er bæði jákvætt og neikvætt. Jákvætt því það er þá inni í áætlun, en neikvætt því það bendir til þess að þetta sé enn tímabundin aðgerð frekar en hluti af varanlegu regluverki. Í þessu samhengi er rétt að benda á tvennt.

Annarsvegar það að í [aðgerðaaætlun í málefnum fjölmiðla frá desember 2025](#) eru staðbundnir fjölmiðlar ekki nefndir á nafn, og raunar kveðið á um það í aðgerð 7 að fjölmiðlar sem hljóti aukinn stuðning þurfi að vera landsdekkandi. Í þessu samhengi skiptir máli að allir landsdekkandi fjölmiðlar eru í Reykjavík.

Hins vegar er það svo að í lögum [83/2026](#) sem breyttu lögum [38/2011](#) um fjölmiðla er kveðið á um almennan rekstrarstuðning við einkarekna fjölmiðla þar sem lægri kröfur eru gerðar um fjölda stöðugilda hjá staðbundnum fjölmiðlum. Þetta ákvæði hefur verið nýtt til að styðja litla staðbundna fjölmiðla, kostar ekki mikið og hefur gefist vel.

Misræmið milli laganna og aðgerðaaætlunarinnar þarf að skýra. Einfaldast væri þó að fella verkefni C4 brott í heild sinni enda sé stuðningur við staðbundna fjölmiðla orðinn varanlegur.

Samantekt

Ísafjarðarbær telur að hvítbók um byggðamál sé ágætis byrjun en leggur til eftirfarandi breytingar:

1. Aðgerð C12 um opinberar upplýsingar á sviði byggðamála innifeli að stofnunum ríkisins verði gert að birta dreifingu starfa sinna, og að Byggðastofnun safni upplýsingum um launadreifingu samhliða fjölda stöðugilda.
2. Tilvísunum í „óstaðbundin störf“ verði breytt í „landsbyggðarstörf“.



3. Aðgerð B7 um byggðatengdar ívilnanir verði breytt þannig að markmiðið verði að hrinda í framkvæmd lögum 60/2020, með stutttri lýsingu um að ráðuneytum verði falið að höggva á þá hnúta sem tafið hafa notkun ákvæða laganna.
4. Endurskoðun laga um lagareldi verði sérstök aðgerð í byggðaaáætlun.
5. Ný aðgerð um greiningu á vaxtartækifærum í afleiddum greinum lagareldis.
6. Gerð verði ný aðgerð um starfshóp sem geri tillögu að breyttu regluverki skeldýraeldis sem sýni raunhæfa leið til að atvinnugreinin geti aftur komist á legg.
7. Ný aðgerð verði sett inn um áform ráðherra um breytingu á útreikningi tengikostnaði nýrra virkjana. Þetta undirstriki mikilvægi málsins í byggðasamhengi. Jafnvel mætti setja inn aðgerð um að hefja undirbúning útreikninganna strax.
8. Aðgerðir A12 um löggæsludróna og C8 um samstarf almannavarnarfulltrúa falli brott.
9. Sett verði inn nýjar aðgerðir til að koma til móts við áherslur A3 um trausta fjarskiptainnviði og A7 um vetturþjónustu.
10. Gerður verði sérstakur kafli í byggðastefnu um samspil hennar við aðrar fyrirætlanir stjórnvalda um sameiningu stofnana.
11. Aðgerð C4 verði felld brott enda er hún hluti af núgildandi lögum.

Virðingarfyllt,

Gylfi Ólafsson
bæjarstjóri